

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 1988-2008 á Ofanbyggjarasvæði í Vestmannaeyjum.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 21. júní 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 1988-2008 frá 2. júlí 1990.

Breytingin nær til Ofanbyggjarasvæðis og felst í að óbyggðu svæði og opnu svæði til sérstakra nota (útivistarsvæði), merkt G-8.3 og G-8.4 á aðalskipulagsuppdraetti er breytt í íbúðasvæði og frístundabyggðarsvæði. Nánar tiltekið eru breytingarnar eftirfarandi:

- Núverandi íbúðasvæði merkt ÍB-8.1, ÍB-8.2 og ÍB-8.4 eru stækkuð eða afmörkun þeirra breytt.
- Tvö íbúðasvæði, merkt ÍB-8.10 og ÍB-8.11, bætast við.
- Tvö frístundabyggðarsvæði, merkt S-8.4 og S-8.5, bætast við.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Vestmannaeyja. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfisráðuneytinu, 21. júní 2000.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðar 1985-2005, svæði milli Hólmsár og skólasvæðis, Tálknafjarðarhreppi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 21. júní 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðar 1985-2005 frá 2. desember 1985.

Breytingin varðar 5 atriði vestan við íbúðabyggðina á Tálknafirði:

- Nýr vegur um svæðið breytir um legu og tengist ekki þjóðveginum fyrir neðan.
- Svæði fyrir framtíðaríbúðabyggð skerðist.
- Nýr vegur liggur upp með árfarveginum inn á svæðið og tengist fyrirhuguðum vegi fyrir ofan.
- Lóð fyrir kirkju og kirkjugarð stækkar og breytir um legu.
- Ný þjónustulóð, m.a. fyrir hótél, verður á opnu svæði vestan kirkjulóðar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfisráðuneytinu, 21. júní 2000.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*